

Mánudaginn 5. júlí 1982.

Nr. 136/1982. **Eigendur Innri-Lárvíkur og Ytri-Lárvíkur (Jón Kr. Sveinsson, Ingólfur Bjarnason og Sigurður Hallgrímsson)**

og

eigendur Skerðingsstaða og Króks (Jón Kr. Sveinsson og Ingólfur Bjarnason)

gegn

eigendum Neðrilár (Herdísi Guðmundsdóttur, Birni Guðmundssyni, Guðbjörgu Guð-Guðmundsdóttur, Jósefinu Guðmundsdóttur, Kristjáni Guðmundssyni, Ólafi Guðmundssyni, Jóni Guðmundssyni og Guðmundi Guðmundssyni)

með stuðningi

eiganda Efrilár og Lárkots, (jarðadeildar landbúnaðarráðuneytisins vegna ríkisins) og eigenda Mýrarhúsa (Báru Bergmann Pétursdóttur, Elsu Fanneyjar Pétursdóttur, Ólafar Rögnu Pétursdóttur, Birnu Ragnheiðar Pétursdóttur og Péturs Péturssonar).

Kærumál. Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Þ. Torfason.

Sóknaraðiljar hafa skotið málinu til Hæstaréttar með kæru 27. apríl 1982. Þann dag fengu þeir fyrst vitneskju um uppkvaðningu úrskurðarins. Er kæra því fram komin á þeim fresti, sem tiltekinn er í 1. mgr. 22. gr. laga nr. 75/1973.

Dómkröfur sóknaraðilja eru þær, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og málinu vísað frá héraðsdómi. Þeir krefjast þess og, að þeim verði dæmdur málskostnaður fyrir héraðsdómi og kærumálskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi eigenda Neðrilár.

Varnaraðiljar krefjast staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar óskipt úr hendi sóknaraðilja.

Úrskurði, er hrindir kröfu um frávísun máls frá héraðsdómi, verður ekki skotið einum sér til Hæstaréttar með kæru samkvæmt 1. tl. 21. gr. laga nr. 75/1973. Ber því að vísa kæru sóknaraðilja sjálfkrafa frá Hæstarétti. Kemur málsaðild og rekstur málsins í héraði þá ekki sérstaklega til álita í kærumáli þessu.

Eftir atvikum er rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

Það athugast, að ekki er ljóst af málsgögnum, svo að óyggjandi sé, hver séu rétt heiti jarðanna Ytri-Lárvíkur og Innri-Lárvíkur, en þær eru í málinu einnig nefndar Ytri-Látravík og Innri-Látravík. Sama máli gegnir um jarðirnar Efrilár og Neðrilár, sem jöfnum höndum eru í málinu nefndar Efri-Lág og Neðri-Lág.

D ó m s o r ð :

Kærumáli þessu er vísað sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður aukadómþings Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu

5. apríl 1982.

Mál þetta var tekið til dóms eða úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi hinn 2. mars 1982. Málið var þingfest í landamerkjadómi Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu hinn 26. maí 1975, eftir að eigendur Neðrilár höfðu með bréfi, dags. 13. s. m., tilkynnt um merkjaágreining milli Neðrilár og Lárvíkur í Eyrarsveit.

Hinn 2. september árið 1978 var kveðinn upp úrskurður í málinu um framkomna frávísunarkröfu af hálfu varnaraðilja, og féll úrskurðurinn á þá leið, að kröfu varnaraðilja um vísun málsins frá dómi var synjað. Málið var síðan flutt munnlega og dómtekið hinn 15. október 1980 og hinn 27. sama mánaðar kveðinn upp í því úrskurður um gagnaöflun. Í þinghaldi hinn 2. mars 1982 gerðu varnaraðiljar kröfu til þess, að málinu yrði vísað frá dómi. Lögmaður sóknaraðilja krafðist þess, að frávísunarkröfunni yrði hrundið. Munnlegur málflutningur um atriðið fór fram þá þegar og málið síðan tekið til dóms eða úrskurðar.

Í landamerkjabréfi fyrir Látravík í Eyrarsveit, dags. 28. júní 1890, segir m. a.: „Látravík tilheyrir allt svonefnt Víkurrif“. Og í landamerkjabréfi fyrir Skerðingsstöðum í Eyrarsveit, dags. sama dag, segir m. a.: „Landamerki milli Neðrilágar og Skerðingsstaða er svonefnd Stóraskriða og úr henni eftir læk, sem nefnist Seljalækur, allt í Hólalæk og þaðan ræður hann merkjum að Lárvaðli, þá sjónhending úr Hólalæk eftir vaðlinum að Víkurripsodda“.

Upphaflegar dómkröfur sóknaraðilja í málinu voru þær, „að Neðri-Lág teljist eiga Lárósin að Víkurripsodda, sbr. landamerkjabréf 28. júní 1890, og Seleyrina fram af ósnum og til sjávar. Áskilinn er réttur til að auka eða eftir atvikum breyta kröfum þessum, ef ástæða þykir til eða tilefni gefst“.

Í greinargerð gera sóknaraðiljar svofelldar dómkröfur: „Að landamerki Neðrilágar og Látravíkur verði ákveðin um Víkurripsodda og þaðan upp eftir Lárvaðli í stefnu á Hólalæk þar, sem hann kemur í vatnið. Áskilinn er réttur til þess að staðsetja merkjalínu af Víkurodda í sjó út, um leið og væntanleg áreið fer fram, enda teljist Seleyrin eign Neðri-Lágar.“

Við munnlegan flutning málsins hinn 15. október 1980 gera sóknaraðiljar þær dómkröfur, „að staðfest verði í dóminum, að mörkin séu úr Hólalækjarós, þar sem hann er nú, og í Víkurripsodda og þaðan í sjó út eftir hornlínu á stórstraumsfjöru.“ Lögmaður sóknaraðilja lýsti því þá yfir, að hann flytti málið fyrir eigendur Neðrilár (Herdísi, Björn, Lárus, Guðbjörgu, Jósefinu, Kristján, Ólaf, Jónu og Guðmund Guðmundsbörn) og með stuðningi eiganda Mýrarhúsa, Péturs Konráðssonar, og eiganda Efrilár og Lárkots, jarðeignadeildar landbúnaðarráðuneytisins.

Hinn 19. júlí 1975 var lögð fram í málinu yfirlýsing Péturs Konráðssonar, Grundarfirði, dags. 17. s. m., svohljóðandi: „Undirrituðum, Pétri Konráðssyni, eiganda Mýrarhúsa í Lárplássi, hefir verið gert aðvart um landamerkjamál Neðri-Lágar gegn Látravík og gefinn kostur á að gæta réttar míns og eignarjarðar minnar. Vil ég í því tilefni taka það fram, að ég styð kröfur Neðri-Lágar, að merkin fram vaðalinn ákvarðist úr núverandi Hólalækjarós í Víkurripsodda, enda mótmæli ég allri skerðingu á veiðisvæði Mýrarhúsa í Vaðlinum. Að öðru leyti vil ég ekki hafa afskipti af þessum málum framvegis“.

Sama dag er einnig lögð fram yfirlýsing frá Sigurði Helgasyni, Grundarfirði, dags. sama dag, sem ber yfirskriftina „Máls-

þáttaka“, svohljóðandi: „Undirritaður Sigurður Helgason, gerir kunnugt: Sem ábúandi jarðanna Lárkots og Efri-Lágar hlýt ég að taka þátt í landamerkjamáli því, sem Neðri-Lágarmenn hafa höfðað út af landamerkjum í og að Lárvaðli. Krafa mín í málinu verður því sú, að merkjalína fyrir landi jarðanna verði ákveðin úr Hólalækjarós þar, sem hann er nú, og sjónhending í Víkurrifsodda.“ Einnig hefur verið lagt fram í málinu bréf landbúnaðarráðuneytisins til lögmanns sóknaraðilja, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, dags. 9. október 1980, svohljóðandi: „Ráðuneytinu hefur borist vitneskja um landamerkjамál, sem rekið er milli eigenda jarðanna Neðri-Lágar og Mýrarhúsa annarsvegar og eigenda Lárvíkur og Skerðingsstaða í Eyrarsveit á Snæfellsnesi hinsvegar.

Ríkissjóður er eigandi að tveimur jörðum á þessu svæði, Efri-Lág og Lárkoti, sem eiga sömu hagsmuna að gæta varðandi ákvörðun landamerkja og eigendur Neðri-Lágar og Mýrarhúsa.

Af þeirri ástæðu felur ráðuneytið yður, herra hæstaréttarlögmaður, að gæta hagsmuna nefndra ríkisjarða í landamerkjamáli því, sem að framan greinir, þar sem þér annist rekstur málsins fyrir hönd eigenda Neðri-Lágar og Mýrarhúsa“.

Varnaraðiljar gerðu í greinargerð þær dómkröfur, „að dómkröfur stefnanda verði eigi teknar til greina og að eigendur Neðri-Lágar verði dæmdir til að greiða allan kostnað af málshöfðun. . . .“

Í þinghaldi hinn 28. júlí 1980 gera varnaraðiljar svofelldar dómkröfur: „Að hrundið verði kröfum sóknaraðila og að niðurstöður gerðardóms um landamerki frá 13. desember 1974 verði staðfestar þannig, að farvegur sá, sem Hólalækur rann í til 1926, ráði merkjum milli Skerðingsstaða og Lárpláss (Neðri-Lágar) pkt. A á uppdrætti Skúla Jóhannssonar, verkfræðings, og bein lína þaðan í Víkurrifsodda pkt. B. Viðurkennt sé, að Lárós frá efri mörkum (stíflugarði) til neðri marka í sjó sé ákveðinn farvegur, og að miðlína farvegsins (lína R—S) ráði landamerkjum á milli Látravíkurjarða að vestan og óskipts lands Lárplássjarða að austan. . . .“

Við munnlegan flutning málsins hinn 15. október 1980 gerðu varnaraðiljar svofelldar dómkröfur: „Að hrundið verði kröfum sóknaraðila og að niðurstöður gerðardóms um landamerki frá 13. des. 1974 á dskj. 30 bls. 11—13 verði staðfestar að því er varðar öll atriði að undanskildum 1.1, 1.4 og 1.5, og meðal annars að farvegur sá, sem Hólalækur rann í til 1926, ráði merkj-

um milli Skerðingsstaða og Lárpláss (Neðri-Lágar) pkt. A á uppdrætti Skúla Jóhannssonar, verkfræðings, og bein lína þaðan í Víkurrisodda pkt. B og þaðan bein lína í punkt R. Viðurkennt sé að Lárós frá efri mörkum (stíflugarði) til neðri marka í sjó sé ákveðinn farvegur og að miðlína farvegsins (lína R—S) ráði landamerkjum á milli Látravíkurjarða að vestan og óskipts lands Lárplássjarða að austan.“

Á dómþingi 2. mars 1982 gerðu varnaraðiljar svofelldar dómkröfur:

„Að hrundið verði kröfum sóknaraðila og að viðurkennt verði með dómi réttarins, að landamerkjum milli jarða umbj. minna, annarsvegar, og jarðanna Efri Lágar, Lárkots og Mýrarhúsa, hinsvegar, skuli meðal annars gilda eftirfarandi:

1. Að Lárpláss í skilningi fyrri landamerkjabréfa nái til þessara jarða: Mýrarhúsa, Króks, Neðri Lágar, Efri Lágar og Lágarkots. Að hluti af landi þessara jarða sé úrskipt skv. ákvæðum landamerkjabréfa. Annað land sé óskipt, þar á meðal Út-Stöðin, í sameign Neðri Lágar, Mýrarhúsa og Króks.
2. Að farvegur sá, sem Hólalækur rann í til ársins 1926, ráði merkjum milli Skerðingsstaða og Lárpláss (Neðri Lágar) punktur A á uppdrætti Skúla Jóhannssonar, verkfræðings, og er farvegur þessi 142 metra austan við núverandi ós Hólalækjar. Þaðan ráði bein lína í punkt R.
3. Að viðurkennt sé, að Lárós frá efri mörkum (stíflugarði) til neðri marka í sjó sé ákveðinn farvegur og að miðlína farvegsins (lína R—S) ráði landamerkjum á milli Látravíkurjarða að vestan og óskipts lands Lárplássjarða að austan.“

Kröfu sína um vísun málsins frá dómi byggja varnaraðiljar á eftirfarandi atriðum:

Að eigendur Neðri-Lágar hafi í upphafi eingöngu beint málinu gegn eigendum Látravíkur sem landamerkjamáli nr. 1/1975. Málið hafi síðan haldið þessu heiti þar til í þinghaldi 27. október 1980, að þá hafi verið bætt við, að gefnu tilefni frá sóknaraðilja, að málið sé rekið með stuðningi eigenda Mýrarhúsa og eigenda Efri-Lágar og Lárkots og sé þessi tegund aðildar og kröfugerð í því sambandi lögleysa.

Að allir eigendur jarða í Lárpláss hljóti að teljast aðiljar málsins og verði að þola niðurstöður dómsins sem slíkir

og að þeir telji óhjákvæmilegt, að Pétur Konráðsson komi fyrir dóm í málinu og tjái sig þar um dómkröfur sínar og alla afstöðu til málsins.

Að þeir telji mjög athyglisverða og aðfinnsluverða aðild Lárkots og Efri-Lágar í málinu. Í greinargerð sóknaraðilja sé því lýst yfir, að forráðamenn Lárkots og Efri-Lágar hafi ákveðið að ganga inn í málið við hlið eigenda Neðri-Lágar og lögmaður sóknaraðilja segi þar, að hann muni mæta í málinu af hálfu þeirra jarða, en hann muni ekki geta lagt fram greinargerð og önnur gögn fyrr en í næsta þinghaldi. Þetta hafi þó allt farið forgörðum. Landbúnaðarráðuneytið neiti að reka málið, það hafi hins vegar gefið samþykki til hagsmunagæslu í málinu, m. a. á þeim röngu forsendum, að Mýrarhús reki málið með Neðri-Lág.

Að enginn eigandi Mýrarhúsa sé með í rekstri málsins og ranglega hafi sóknaraðiljar ekki beint kröfum sínum gegn Mýrarhúsum eða eigendum Efri-Lágar og Lárkots. Þó eigi með málssókn stefnenda að svipta eigendur Mýrarhúsa grunn eignarrétti að Útstöðinni og að vatnsbotni að merkjalínu í Lárósi svo og að nesinu norðvestur af Mýrarhúsatúni.

Að síðustu sóknarkröfur „og þaðan í sjó út eftir hornlínu á stórstraumsfjöru“ séu óákveðnar og óskýrar og ekki marktækar eða dómtækar.

Kröfu sína um, að frávísunarkröfunni verði hrundið, rökstyður lögmaður sóknaraðilja með því, að aðildarskortur leiði til sýknu, en ekki frávísunar, og að krafa um frávísun eigi að koma fram á fyrstu stigum máls. Frávísunarkrafa þessi sé því of seint fram komin. Einnig bendir hann á, að varnaraðiljar hafi áður sett fram kröfu um vísun málsins frá dómi og þá ekkert talið við aðildirnar að athuga, en óheimilt sé að setja fram kröfu um frávísun á síðasta stigi máls. Þá bendir hann á, að málið sé ekki rekið í nafni jarðeignadeildar, heldur hafi eigenda Mýrarhúsa og ráðuneytinu verið gefinn kostur á að veita stuðning, sbr. 52. gr. einkamálalaga. Lögmaðurinn mótmælir því, að nokkur umboðsskortur sé í málinu, hann hafi heimild frá þeim, sem hafa með jarðirnar að gera. Pétur Konráðsson sé einnig samþykkur kröfunum og bætt muni úr aðild Mýrarhúsa, þegar málið kemur á ný til efnismeðferðar.

Bygðasvæðið austan við Lárvaðal í Eyrarsveit er almennt einu nafni kallað Lárpláss. Þar eru eftirtaldar jarðir: Mýrarhús, Neðrilá, Krókur, Efrilá og Lárkot.

Frávísunarástæður varnaraðilja varða heiti málsins, aðildir og kröfugerð. Aðildir mála geta breyst eftir þingfestingu, ekki síst landamerkjamála, og er þá eðlilegt, að heiti máls breytist. Ekki verður séð, að heiti máls þessa eða breytingar á því skipti nokkru um meðferð þess og efni. Stuðningsyfirlýsing þáverandi eiganda Mýrarhúsa, Péturs Konráðssonar, og hagsmunagæsla landbúnaðarráðuneytisins vegna ríkisjarðanna Efrilár og Lárkots telst fyllilega lögmæt, sbr. 52. gr. laga nr. 85/1936, og verður umboð lögmanns sóknaraðilja ekki vefengt. Eftir að mál þetta var þingfest, urðu eigendaskipti að jörðinni Mýrarhúsum, þar sem Pétur Konráðsson afsalar börnum sínum fimm jörðinni með gjafabréfi, dags. 17. ágúst 1976. Lögmaður sóknaraðilja lýsti því yfir í málflutningi um frávísunarkröfuna, að bætt mundi úr aðild Mýrarhúsa, þegar málið kæmi á ný til efnismeðferðar, og er það í samræmi við skoðun varnaraðilja um, að þeir telji „óhjákvæmilegt, að Pétur Konráðsson komi fyrir dóm í málinu og tjái sig þar um dómkröfur sínar og alla afstöðu til málsins“. Þá hefur lögmaður sóknaraðilja yfirlýst, að hann muni kveðja Sigurð Helgason, síðasta ábúanda Efrilár og Lárkots, fyrir dóminn strax og unnt verður, en við síðasta þinghald í málinu var upplýst, að hann væri rúmfastur vegna veikinda og gæti ekki mætt, eins og ætlað hafði verið.

Eins og fram kemur hér að framan, er aðild jarðeignadeildar landbúnaðarráðuneytisins vegna Efrilár og Lárkots aðeins hagsmunagæsla, en engar sjálfstæðar kröfur eru gerðar í málinu af hendi jarðeignadeildar. Hagsmuna allra jarða í Lárplássi er gætt í málinu.

Svo sem hér hefur verið rakið, verður ekki séð, að framangreindar frávísunarástæður varnaraðilja eigi að valda því, að málinu verði vísað frá dómi.

Þá er það krafa varnaraðilja um frávísun vegna þess, að síðustu sóknarkröfur „og þaðan í sjó út eftir hornlínu á stórstraumsfjöru“ séu óákveðnar og óskýrar og því ekki marktækar eða dómtækar. Dómurinn getur ekki fallist á, að þessi frávísunarástæða eigi við rök að styðjast, enda gefst sóknaraðilja ennþá tækifæri til þess að skýra kröfur sínar undir áframhaldandi rekstri málsins, og verður málinu því heldur ekki vísað frá dómi af þessari ástæðu.

Niðurstaðan verður því sú, að krafa varnaraðilja um frávísun málsins er ekki tekin til greina.

Rétt þykir, að málskostnaður vegna frávísunarkröfu falli niður.

Ályktarorð:

Krafa varnaraðilja um vísun málsins frá dómi er ekki tekin til greina.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 20. ágúst 1982.

Nr. 163/1982. **Ákærvaldið**

gegn

Páli Konráði Konráðssyni Þormar.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Björn Sveinbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 17. ágúst 1982, sem barst Hæstarétti 19. s. m. Krefst hann þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskuurður sakadóms Reykjavíkur 17. ágúst 1982.

Ár 1982, þriðjudaginn 17. ágúst, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinsyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur gert þá kröfu, að Páli Konráði Konráðssyni Þormar verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi til miðvikudagsins 25. ágúst nk., klukkan 1700.